

Nd.

269. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 68. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

2. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

3. gr.

95. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.